

Akraneskaupstaður
b.t. Sævars Freys Þráinssonar
bæjarstjóra
Stillhoti 16-18
300 Akranesi

Akranesi 5. júlí 2018

Efni: Málverk eftir Bjarna Skúla Ketilsson


Hópur velunnara Skagaliðsins stóð að kaupum á málverki eftir Bjarna Skúla Ketilsson, lismálara af Akranesi, sem óskað er eftir að verði komið fyrir á áberandi stað í sal íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum.

Myndin er af Pálma Ólafssyni (1913-1988), sem var einlægur stuðningsmáður Skagaliðsins um áratugaskið. Í hópi áhorfenda var Pálmi áberandi persóna og mörgum eftirminnilegur. Hann var aufúsugestur á leikjum liðsins og naut samvista og vináttu við marga leikmenn liðsins á árum áður. Sem kunnugt er þá nær stuðningur við knattspyrnuna á Akranesi langt út fyrir bæjarmörkin og finna má víða um land velunnara og stuðningsfólk. Segja má að Pálmi sé birtingarmynd hins tryggja og trausta stuðningsmanns Skagaliðsins, sem aldrei lét sig vanta á völinn. Knattspyrnan á Akranesi er alþýðumening og samnefnari, sem nær til allra í samfélaginu óháð starfi og stöðu. Þau verðmæti er mikilvægt að varðveita og stuðla að því að áfram verði knattspyrnan á Akranesi blómleg sameign bæjarbúa og hornsteinn æskulýðsstarfs.


Undirritaðir afhenda hér með ofanefnda mynd Akraneskaupstað til eignar með þeim skilyrðum sem áður eru nefnd.

Gísli Gíslason Gunnar Sigurðsson Jón Gunnlaussón Haraldur Sturlaugsson
Magnús Guðmundsson Sævar Freyr Þráinsson Örn Gunnarsson Kristján Sveinsson
Þórður Þórðarson Þröstur Stefánsson Ólafur Adolfsson

F.h. aðstandenda verkefnisins



Gísli Gíslason



Pálmi Ólafsson 1913 - 1988

Knattspyrnan á Akranesi á stuðningsfólk víðar en í bæjarfélaginu. Um allt land eru traustir stuðningsmenn Skagaliðsins - konur og karlar á öllum aldri. Pálmi Ólafsson verkamaður var einn þessara dyggu aðdáenda. Pálmi var mikill áhugamaður um knattspyrnu og einna þekktastur þeirra sem mættu á völinn að staðaldri. Hann sá knattspyrnuleik fyrst árið 1914 og fylgdist með öllum Íslandsmótum í 75 ár. Pálmi var fæddur 12. desember 1898 og ólst upp í Flóanum. Móðir hans fluttist vestur um haf árið 1911 en Pálmi fluttist til Reykjavíkur árið 1913, einn síns liðs og þá nýlega fermdur. Þau mæðgin hittust ekki eftir að hún fluttist vestur.

Pálmi var alla tíð mikill áhugamaður um knattspyrnu og fylgdi Akranesliðinu að málum. Hann var góður vinur margra leikmanna liðsins og alltaf aufúsugestur á leikjum þess. Hann var eftirminnleg persónulega, gekk jafnan klæddur bláum nankinsfötum, með sixpensara á höfði og skar sig nokkuð úr fjöldanum. Hann var ókvæntur og barnlaus. Pálmi lést 27. október 1988.

Hópur stuðningsmanna knattspyrnunnar gaf þess mynd árið 2018 til heiðurs Pálma með virðingu og þakklæti fyrir stuðninginn. Segja má að Pálmi sé birtingarmynd hins trausta stuðningsmanns, sem lætur sig aldrei vanta á leik Skagaliðsins. Myndin er máluð af Bjarna Skúla Ketilssyni.